



Ályktun um almannavarnir

Ályktun lögð fram á 47. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 14. október 2023 hvetur ríkisvaldið til að efla forvarnir, uppbyggingu og stuðning við íbúa og viðbragðsaðila á Suðurnesjum vegna mögulegra eldsumbrota og tíðari sjávarflóða á Reykjanesskaga. Í því skyni verði ráðinn starfsmaður til að vinna að verkefnum tengdum almannavörnum á Suðurnesjum.

Ekki er lengur hægt að líta á eldgosin við Fagradalsfjall á undanförunum þremur árum sem tilfallandi atburði. Vísindasamfélagið telur allar líkur á að nýtt eldgosatímabil sé hafið á Reykjanesi sem kynni að vara áratugum saman. Mikið gæti mætt á íbúum Suðurnesja, en áhrifin geta einnig orðið mikil á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Það er afar mikilvægt að fá öflugan stuðning yfirvalda til að takast á við aðstæður. Gríðarlegt álag fylgir því að standa vaktina og grípa til nauðsynlegra ráðstafana á eldgosatímum. Viðbragðsaðilar í Grindavík hafa borið ábyrgð á staðbundnum meginverkefnum vegna eldgosanna, skipulagi á gosstöðvunum og aðkomuleiðum, enda eru upptakasvæði allra þriggja eldgosanna innan lögsögu bæjarfélagsins. Margs konar utanaðkomandi hjálp og stuðningur viðbragðsaðila og almannavarna á landsvísu hefur verið öflugur og afar mikilvægur og alger forsenda þess að vel takist til við þessar aðstæður.

Miklir gróðureldar geisuðu á Reykjanesi vegna eldgossins síðastliðið sumar. Um var að ræða mesta mosabruna frá því skipulegar skráningar hófust. Með harðfylgi og við erfiðar aðstæður á torfæru landsvæði tókst slökkviliðum að hefta útbreiðslu gróðureldanna. Í ljós kom að búnaður til svo mikilla gróðurelda var ekki til staðar í landinu og því er nauðsynlegt að komið verði upp færanlegum slökkvibúnaði sem hægt verði að grípa til fyrirvaralaust þegar ráða þarf niðurlögum gróðurelda.

Brýnt er að framvegis verði lögð þung áhersla á að efla forvarnir, uppbyggingu og stuðning við íbúa og viðbragðsaðila á Suðurnesjum vegna mögulegra eldsumbrota í stað þess að bregðast þurfi við aðstæðum þegar gos er hafið. Vert er að vekja athygli á áskorun sem stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur sent til bæjarstjórnar Grindavíkur, fjögurra ráðherra, lögregluembætta og fleiri stjórnvalda um að vinna hörðum höndum að undirbúningi fyrir mögulegt næsta gos. Að mati stjórnar Landsbjargar veldur öll óvissa um framtíðarskipan áhyggjum. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi björgunarsveitanna í viðbragðsáætlunum almannavarna.

Í ljósi hlýnunar jarðar og hækkandi sjávarstöðu má búast við því að sjávarflóð verði tíðari á Reykjanesskaganum en áður hefur þekkt. Mikilvægt er að bregðast við náttúruvá sem þessari með tilheyrandi vörnum og aðgerðaáætlunum.

Aðalfundurinn hvetur ríkisvaldið til að ráða starfsmann í verkefni tengd almannavörnum á Suðurnesjum sem vinni náið með báðum almannavarnarnefndunum á svæðinu. Sá starfsmaður myndi meðal annars gegna lykilhlutverki við að innleiða og fylgja eftir þeim áhersluatriðum sem að ofan er getið.

Sveitarfélögin á Suðurnesjum eru tilbúin að leggja sitt af mörkum til að vinna að framgangi og eftirfylgni framangreindra verkefna.